

Ed.

59. Frumvarp til laga

[39. mál]

um breyting á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

66. gr. laganna orðist svo:

Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er starfandi fóðurbirgðafélag, skulu vera forðagæzlumenn, einn eða fleiri, til þess að hafa gát á fóðurbirgðum innan sveitarfélagsins og meðferð á búpeningi. — Sýslunefnd ákveður tölu forðagæzlumanna í hverjum hreppi eftir tillögu hreppsnefndar, en bæjarstjórn í kaupstöðum. Ef þeir eru fleiri en einn, má skipta umdæminu í jafnmörg forðagæzlusvæði, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt svæði til umsjónar.

2. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Sveitarstjórn kýs forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir breytingu á 66. og 67. gr. laga nr. 54 frá 5. júní 1957, um búfjárrækt. Er frumvarpið flutt að beiðni allmargra oddvita. Meginbreytingin er á 67. gr. umræddra laga, en samkvæmt henni „skal kjósa forðagæzlumenn og jafnmarga varamenn til 4 ára í senn, þegar hreppsnefndarkosningar fara fram. Gilda um kosningu þessa sömu reglur og um hreppsnefndarkosningar.“ Samkvæmt þessu eru forðagæzlumenn kosnir af öllum kjósendum sveitarfélagsins. Þykir þetta óeðlileg skipan, einkum í þeim sveitarfélögum, þar sem mikill hluti íbúanna leggur enga stund á landbúnað né búfjárrækt og telur því kosningu forðagæzlumanna sér óviðkomandi. Getur því sums staðar reynzt erfiðleikum bundið að koma fram löglegri kosningu forðagæzlumanns. Þykir því eðlilegra og einfaldara, að forðagæzlumenn séu kosnir af sveitarstjórnnum í upphafi kjörtímabils þeirra, og hnígur breytingin við 67. gr. í þá átt. — Breytingin á 66. gr. tekur af tvímæli um það, að skylt sé að hafa gát á fóðurbirgðum og meðferð á búpeningi í öllum sveitarfélögum, þar sem um einhverja búfjárrækt er að ræða.